

Aðalstjórn Völsungs

26.9.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Bergþóra Höskuldsdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Lilja Friðriksdóttir, Björgvin Sigurðsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Námskeið fyrir stjórnarfólk

HSP býður stjórnarfólki í aðalstjórnnum, deildum, nefndum og ráðum aðildarfélaga HSP á 3-4 stunda námskeið í stjórnun félaga. Annað námskeiðið verður á Þórshöfn miðvikudaginn 25. september n.k. (í Grunnskólanum). Hitt námskeiðið verður á Húsavík fimmtudaginn 10. október n.k. (í Vallarhúsinu). Námskeiðin hefjast um kl. 16.30.

Aðalstjórn hvetur alla félagsmenn til að mæta á námskeiðið.

2. Íþróttasjóður – umsókn

Þróttá- og ungmennafélög, og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþróttá. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþróttá.

Styrkir eru ætlaðir íþróttá- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, að þessu sinni verður horft sérstaklega til verkefna sem stuðla að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna. Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

Vakin er athygli á því að sama íþróttafélag eða sama deild innan íþróttafélags sem hefur margar deildir, getur aðeins sent inn eina umsókn í hverjum umsóknarfresti.

Aðalstjórn mun senda inn umsókn fyrir hönd félagsins.

3. Sambandsþing UMFÍ 12.-13. október

UMFÍ heldur sambandsþing á Hvammstanga helgina 12.-13. október.

Lagt fram.

4. Umsókn í menningar- og viðurkenningarsjóð KEA

Umsóknarfrestur rennur út 23. október í menningar- og viðurkenningarsjóð KEA.

Aðalstjórn sendir inn umsókn fyrir hönd félagsins.

5. Málefni meistaraflokka í knattspyrnu

Stefnt er að fundi fimmtudaginn 3. október þar sem stefnt er á framtíðarskipulagninu meistaraflokka.

6. Völsungsfest

Völsungsfest verður haldið 26. október. Þar mun fara fram kynning á nýjum Völsungsvörum. Um kvöldið verður Völsungsfögnuður.

Lagt fram.

7. Samningamál við Norðurþing

Þjónustusamningur Völsungs við Norðurþing rennur 31. desember 2019. Völsungur sendi erindi dagsett 24. september þar sem óskað var eftir formlegum viðræðum um nýjan þjónustusamning.

Í samninganefnd Völsungs eru Hallgrímur Jónsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Bjögvin Sigurðsson og framkvæmdastjóri.

Fundi slitið: 18:00